AUGLÝSING

um samning um samræmismat og samþykki iðnaðarvara milli Lettlands og Íslands, Liechtenstein og Noregs.

Samningur um samræmismat og samþykki iðnaðarvara milli lýðveldisins Lettlands og lýðveldisins Íslands, furstadæmisins Liechtenstein og konungsríkisins Noregs, sem gerður var í Brussel 26. september 2002, öðlaðist gildi 1. desember 2003.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 3. desember 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um samræmismat og samþykki iðnaðarvara milli lýðveldisins Lettlands og lýðveldisins Íslands, furstadæmisins Liechtenstein og konungsríkisins Noregs.

Lýðveldið Lettland, hér á eftir nefnt Lettland, annars vegar og *lýðveldið Ísland, furstadæmið Liechtenstein* og *konungsríkið Noregur*, hér á eftir sameiginlega nefnd EFTA-ríkin innan EES, hins vegar,

til samans nefnd „samningsaðilarnir" hér á eftir,

hafa í huga að Lettland og EFTA-ríkin innan EES eru bundin sterkum böndum, einkum með fríverslunarsamningnum á milli EFTA-ríkjanna og lýðveldisins Lettlands, sem var undirritaður 7. desember 1995,

hafa í huga hin nánu samskipti Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna innan EES með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, hér á eftir nefndur „EES-samningurinn", sem var undirritaður 2. maí 1992 og að EFTA-ríkin innan EES eru þátttakendur í innri markaðnum og samþykkja og framkvæma þar með réttarkerfi bandalagsins,

þar eð Lettland hefur sótt um aðild að Evrópusambandinu og slík aðild hefur í för með sér skilvirka framkvæmd réttarreglna Evrópusambandsins,

AGREEMENT
on Conformity Assessment and Acceptance of Industrial Products between the Republic of Latvia and the Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein and the Kingdom of Norway

The Republic of Latvia, hereinafter referred to as Latvia, on the one hand, and the *Republic of Iceland*, the *Principality of Liechtenstein*, and the *Kingdom of Norway*, hereinafter when referred to collectively, to be known as the EEA EFTA States, on the other,

Together hereinafter referred to as the "Parties",

Considering the close ties that exist between Latvia and the EEA EFTA States, in particular through the Free Trade Agreement between the EFTA States and the Republic of Latvia, signed on 7 December 1995,

Considering the close relationship between the European Community and the EEA EFTA States through the Agreement on the European Economic Area, hereinafter referred to as the "EEA Agreement", signed on 2 May 1992, and that the EEA EFTA States are integrated into the Internal Market and thereby adopt and implement Community legislation,

Whereas Latvia has applied for membership of the European Union and such membership implies the effective implementation of the acquis of the European Community,

þar eð talið er rétt að þessi samhliða samningur um samræmismat og samþykki iðnaðarvara milli Lettlands og EFTA-ríkjanna innan EES, hér á eftir nefndur „samningurinn“, verði jafngildur bókuninni við Evrópusamninginn um að koma á samstarfi milli Evrópubandalaganna og aðildarríkja þeirra annars vegar og lýðveldisins Lettlands hins vegar um samræmismat og samþykki iðnaðarvara, hér á eftir nefndur „PECA-samningurinn“,

hafa í huga að á þeim sviðum, sem falla undir þennan samning, eru lög bandalagsins, sem eru einnig tekin upp í EES-samninginn, innleidd efnislega í lög Lettlands,

hafa í huga sameiginlegan stuðning sinn við meginreglurnar um frjálsan flutning á vörum og að stuðla að gæðum vöru til að tryggja heilbrigði og öryggi íbúa sinna og vernd umhverfisins,

vilja með þessum samningi kveða á um gagnkvæmt samþykki iðnaðarvara, sem uppfylla nauðsynlegar kröfur til að unnt sé að markaðssetja þær á löglegan hátt hjá samningsaðilum, og gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum samræmismats iðnaðarvara sem falla undir EES-löggjöf eða landslög í Lettlandi,

hafa hugfast að tengslin milli EFTA-ríkjanna innan EES, með tilliti til samræmismats, falla undir EES-samninginn,

hafa hugfast hver staða þeirra er sem samningsaðilar að samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, einkum skyldur samkvæmt samningnum um tæknilegar viðskiptahindranir sem er hluti af samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.
Tilgangur.

1. Tilgangurinn með þessum samningi er að auðvelda Lettlandi annars vegar og einstökum EFTA-ríkjum innan EES hins vegar að ryðja úr vegi tæknilegum viðskiptahindrunum að því er varðar iðnaðarvörur. Þessu markmiði verður best náð með því að lýðveldið Lettland samþykki og komi í framkvæmd innlendum lögum í áföngum, sem jafngilda bandalagslögum sem hafa einnig verið tekin upp í EES-samninginn.

Whereas it is appropriate to conclude this parallel Agreement on Conformity Assessment and Acceptance of Industrial products between Latvia and the EEA EFTA States, hereinafter referred to as the "Agreement", equivalent to the Protocol to the Europe Agreement establishing an Association between the European Communities and their Member States, of the one part, and the Republic of Latvia, of the other part, on Conformity Assessment and Acceptance of Industrial Products, hereinafter referred to as the "PECA",

Considering that, in the sectors covered by this Agreement the Latvian national law substantially takes over the Community law also incorporated into the EEA Agreement,

Considering their shared commitment to the principles of free movement of goods and to promoting product quality, so as to ensure the health and safety of their citizens and the protection of the environment,

Desiring to conclude this Agreement providing for the application of the mutual acceptance of industrial products, which fulfil the requirements to be lawfully placed on the market in one of the Parties and of the mutual recognition of the results of conformity assessment of industrial products, which are subject to EEA legislation or Latvian law,

Bearing in mind that the relations with regard to conformity assessment between the EEA EFTA States are governed by the EEA Agreement,

Bearing in mind their status as Contracting Parties to the Agreement establishing the World Trade Organisation and conscious in particular of their obligations under the World Trade Organisation Agreement on Technical Barriers to Trade,

Have agreed as follows:

Article 1
Purpose

1. The purpose of this Agreement is to facilitate the elimination by Latvia, on the one hand, and the individual EEA EFTA States, on the other, of technical barriers to trade in respect of industrial products. The means to this end is the progressive adoption and implementation by the Republic of Latvia of national law, which is equivalent to Community law also incorporated into the EEA Agreement.

2. Í þessum samningi er kveðið á um:
   a) gagnkvæmt samþykki iðnaðarvara sem eru tilgreindar í viðaukunum um gagnkvæmt samþykki iðnaðarvara sem uppfylla nauðsynlegar kröfur til að unnt sé að markaðssetja þær á löglegan hátt hjá samningsaðila;
   b) gagnkvæma viðurkenningu niðurstaðna samræmismats á iðnaðarvörum, sem falla undir EES-löggjöf og jafngild landslög í Lettlandi, sem hvort tveggja er tilgreint í viðaukunum um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum samræmismats.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

„EFTA-ríki innan EES“: þeir aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu sem eru aðilar að EES-samningnum, þ.e. Ísland, Liechtenstein og Noregur.

„Iðnaðarvörur“: vörur eins og tilgreint er í 2. gr. bókunarinnar við Evrópusamninginn um að koma á samstarfi milli Evrópubandalaganna og aðildarríkja þeirra annars vegar og lýðveldisins Lettlands hins vegar um samræmismat og samþykki iðnaðarvara (PECA).

„EES-löggjöf“: hvers konar löggerningur eða framkvæmdarvenja Evrópubandalagsins sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og síðar breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og gildir um tilteknar aðstæður, áhættu eða flokk iðnaðarvara.

„Landslög í Lettlandi“: hvers konar löggerningur eða framkvæmdarvenja sem nota skal við innleiðingu lýðveldisins Lettlands á lögum bandalagsins og gildir um tilteknar aðstæður, áhættu eða flokk iðnaðarvara.

Hugtökin, sem eru notuð í þessum samningi, skulu hafa sömu merkingu og þau hafa í EES-löggjöfinni og landslögum Lettlands.

3. gr.
Gagnkvæmt samþykki iðnaðarvara.

Þegar um er að ræða gagnkvæmt samþykki eru samningsaðilarnir sammála um að setja megi iðnaðarvörurnar, sem eru tilgreindar í viðaukunum um „gagnkvæmt samþykki iðnaðarvara“ og uppfylla nauðsynlegar kröfur til að unnt sé að

2. This Agreement provides for:
   a) The mutual acceptance of industrial products, listed in the annexes on mutual acceptance of industrial products, which fulfil the requirements to be lawfully placed on the market in one of the Parties;
   b) The mutual recognition of the results of conformity assessment of industrial products subject to EEA legislation and to the equivalent Latvian national law, both listed in the annexes on mutual recognition of results of conformity assessment.

Article 2
Definitions

For the purpose of this Agreement,

"EEA EFTA States" means those members of the European Free Trade Association that are Parties to the EEA Agreement, i.e. Iceland, Liechtenstein and Norway.

"Industrial products" means products, as specified in Article 2 of the Protocol to the Europe Agreement establishing an Association between the European Communities and their Member States, of the one part, and the Republic of Latvia, of the other part, on Conformity Assessment and Acceptance of Industrial Products (PECA).

"EEA legislation" means any legal act and implementing practice of the European Community, as incorporated into the EEA Agreement and subsequently amended by decisions of the EEA Joint Committee, applicable to a particular situation, risk or category of industrial products.

"Latvian national law" means any legal act and implementing practice by which the Republic of Latvia takes over the Community law applicable to a particular situation, risk or category of industrial products.

The terms used in this Agreement shall have the meaning given in EEA legislation and the Latvian national law.

Article 3
Mutual acceptance of industrial products

The Parties agree that, for the purpose of mutual acceptance, industrial products listed in the annexes on "mutual acceptance of industrial products", which fulfil the requirements to be lawfully placed on the market of a Party, may be

markaðssetja þær á lögmætan hátt hjá samningsaðila, á markað hjá hinum samningsaðilanum án frekari takmarkana. Þetta hefur ekki áhrif á bönn eða takmarkanir á innflutning, útflutning eða umflutning vöru sem réttlætast af almennu siðgæði, allsherjarreglu eða almannaöryggi, verndun lífs og heilsu manna eða dýra eða gróðurvernd, verndun óendurnýjanlegra, innlendra auðlinda, verndun þjóðarverðmæta sem hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi eða vernd hugverkaréttar eða réttar á sviði iðnaðar og viðskipta, né heldur á reglur varðandi gull og silfur. Slík bönn eða takmarkanir skulu þó ekki hafa í för með sér gerræðislega mismunun eða duldar hömlur í viðskiptum milli samningsaðilanna.

placed on the market of the other Party, without further restriction. This shall be without prejudice to prohibitions or restrictions on imports, exports or goods in transit justified on grounds of public morality, public policy or public security; the protection of health and life of humans, animals or plants; the protection of exhaustible national resources; the protection of national treasures of artistic, historic, or archaeological value or the protection of intellectual, industrial and commercial property or rules relating to gold and silver. Such prohibitions or restrictions shall not, however, constitute a means of arbitrary discrimination or a disguised restriction on trade between the Parties.

4. gr.
Gagnkvæm viðurkenning á niðurstöðum samræmismats.

Samningsaðilarnir eru sammála um að viðurkenna niðurstöður samræmismats sem fer fram í samræmi við EES-löggjöf eða landslög í Lettlandi sem eru tilgreind í viðaukunum um „gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum samræmismats". Samningsaðilarnir skulu hvorki krefjast þess að matið sé endurtekið né setja fram viðbótarkröfur vegna samþykkis á því samræmi.

Article 4
Mutual recognition of the results of conformity assessment procedures

The Parties agree to recognize the results of conformity assessment procedures carried out in accordance with EEA legislation or Latvian national law listed in the annexes on "mutual recognition of the results of conformity assessment". The Parties shall not require procedures to be repeated, nor shall they impose additional requirements, for the purposes of accepting that conformity.

5. gr.
Verndarskilmálar.

Ef samningsaðili kemst að þeirri niðurstöðu að iðnaðarvara, sem er staðsett á yfirráðasvæði hans, í samræmi við þennan samning, og er notuð á þann hátt sem fyrirhugað var, geti stofnað í hættu öryggi eða heilsu notenda eða annarra einstaklinga, eða einhverjum öðrum lögmætum hagsmunum sem eru verndaðir með lögunum sem eru tilgreind í viðaukunum, getur hann gert viðeigandi ráðstafanir til að taka slíka vöru af markaðnum, banna að hún sé sett á markað, tekin í notkun eða notuð eða takmarkað frjálsan flutning hennar. Í viðaukunum skal kveðið á um málsmeðferð sem beita skal í slíkum tilvikum.

Article 5
Safeguard clause

Where a Party finds that an industrial product placed on its territory by virtue of the present Agreement, and used in accordance with its intended use, may compromise the safety or health of users or other persons, or any other legitimate concern protected by legislation identified in the annexes, it may take appropriate measures to withdraw such a product from the market, to prohibit its placing on the market, putting into service or use, or to restrict its free movement. The annexes shall provide for the procedure to be applied in such cases.

6. gr.
Gildissvið.

Þegar lýðveldið Lettland samþykkir og framkvæmir frekari landslög til innleiðingar bandalagslögum, sem eru einnig tekin upp í EES-samninginn, geta samningsaðilarnir breytt viðaukunum eða samið um nýja í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr.

Article 6
Extension of coverage

As the Republic of Latvia adopts and implements further national law taking over Community law, also incorporated into the EEA Agreement, the Parties may amend the annexes or conclude new ones, in accordance with the procedure laid down in Article 13.

7. gr.
Uppruni.

Ákvæði þessa samnings skulu gilda um iðnaðarvörur óháð uppruna þeirra.

8. gr.
Skyldur samningsaðila að því er varðar yfirvöld þeirra og stofnanir.

1. Samningsaðilarnir skulu sjá til þess að yfirvöld í lögsögu þeirra, sem bera ábyrgð á skilvirkri framkvæmd EES-löggjafar og landslaga í Lettlandi beiti ævinlega slíkum lögum. Enn fremur skulu þeir tryggja að þessi yfirvöld hafi, ef við á, heimild til tilkynningar, frestunar eða afturköllunar á frestun eða tilkynningu aðila til að tryggja samræmi iðnaðarvara við EES-löggjöf eða landslög Lettlands eða til að krefjast þess að þær séu teknar af markaðnum.
2. Samningsaðilarnir skulu sjá til þess að aðilar, sem eru tilkynntir í lögsögu hvers og eins til að meta samræmi í tengslum við kröfur EES-löggjafar eða landslaga í Lettlandi, sem eru tilgreind í viðaukunum, uppfylli ævinlega kröfur bandalagsins eða landslög. Enn fremur skulu þeir gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þessir aðilar viðhaldi nauðsynlegri hæfni til að vinna þau verk sem tilkynnt hefur verið að þeir annist.
3. Samningsaðilarnir geta einungis tilkynnt aðila sem hafa verið tilkynntir samkvæmt PECA- og EES-samningnum.

9. gr.
Tilkynntir aðilar.

1. Upphaflega skulu aðilarnir, sem eru tilkynntir vegna þessa samnings, vera þeir sem eru í skrám sem Lettland og EFTA-ríkin innan EES hafa skipst á áður en málsmeðferð fyrir gildistöku lýkur.
2. Síðar skal eftirfarandi málsmeðferð gilda um það þegar aðilar eru tilkynntir til að meta samræmi í tengslum við kröfur EES-löggjafar eða landslaga í Lettlandi sem eru tilgreind í viðaukunum:
   a) Samningsaðili skal senda tilkynningu sína skriflega til hinna samningsaðilanna.
   b) Að fenginni skriflegri kvittun hinna samningsaðilanna fyrir móttöku telst aðilinn vera tilkynntur aðili frá og með þeim degi og hæfur til að meta samræmi að því er varðar kröfurnar sem eru tilgreindar í viðaukunum.

Article 7
Origin

The provisions of this Agreement shall apply to industrial products irrespective of their origin.

Article 8
Obligation of Parties as regards their authorities and bodies

1. The Parties shall ensure that authorities under their jurisdiction, which are responsible for the effective implementation of EEA legislation and Latvian national law shall continuously apply it. Further, they shall ensure that these authorities are able, where appropriate, to notify, suspend, remove suspension and withdraw notification of bodies, to ensure the conformity of industrial products with EEA legislation or Latvian national law or to require their withdrawal from the market.
2. The Parties shall ensure that bodies, notified under their respective jurisdiction to assess conformity in relation to requirements of EEA legislation or Latvian national law specified in the annexes, continuously comply with the requirements of Community or national law. Further, they shall take all necessary steps to ensure that these bodies maintain the necessary competence to carry out the tasks for which they are notified.
3. The Parties may only notify bodies notified under the PECA and EEA Agreement respectively.

Article 9
Notified bodies

1. Initially, the bodies notified for the purpose of this Agreement shall be those included in the lists, which Latvia and the EEA EFTA States have exchanged before the completion of the procedures for entry into force.
2. Afterwards, the following procedure shall apply for the notification of bodies to assess conformity in relation to the requirements of EEA legislation or Latvian national law specified in the annexes:
   a) A Party shall forward its notification to the other Parties in writing.
   b) On the acknowledgement of the other Parties, given in writing, the body will be considered as notified and as competent to assess conformity in relation to the requirements specified in the annexes from that date.

3. Ef samningsaðili ákveður að afturkalla tilkynningu um aðila í lögsögu sinni skal hann greina hinum samningsaðilunum frá því skriflega. Sá aðili skal hætta að meta samræmi að því er varðar kröfurnar sem eru tilgreindar í viðaukunum, eigi síðar en þann dag sem tilkynning um hann er afturkölluð. Samræmismat, sem fer fram fyrir þann dag, heldur eigi að síður gildi sínu nema sameiginlega nefndin ákveði annað.

10. gr.

Sannprófun tilkynntra aðila.

1. Hver samningsaðili getur óskað eftir því við hina samningsaðilana að þeir sannprófi, í lögsögu sinni, tæknilega hæfni tilkynnts aðila og að hann uppfylli kröfur. Slík beiðni verður að vera rökstudd til að samningsaðilinn, sem hefur tilkynnt aðilann, geti látið fara fram umbeðna sannprófun og látið hina samningsaðilana vita af því án tafar. Samningsaðilarnir geta einnig rannsakað tilkynnta aðilann, sameiginlega, með þátttöku viðkomandi yfirvalda. Þess vegna skulu samningsaðilarnir tryggja að tilkynntir aðilar í lögsögu þeirra sýni fullan samstarfsvilja. Samningsaðilar skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir og beita öllum tiltækum ráðum, sem kunna að vera nauðsynleg, til að leysa hvern þann vanda sem upp kann að koma.
2. Ef ekki reynist unnt að leysa vandann á þann hátt að samningsaðilar uni því geta þeir tilkynnt formanni sameiginlegu nefndarinnar um andmæli sín og tiltekið ástæðurnar fyrir þeim. Sameiginlega nefndin getur tekið ákvörðun um viðeigandi aðgerðir.
3. Fella skal niður tímabundið, að hluta til eða að fullu, leyfi tilkynntu aðilanna og viðurkenningu á hæfi þeirra til að meta samræmi við kröfurnar í EES-löggjöf eða landslögum Lettlands, sem eru tilgreind í viðaukunum, frá og með þeim degi er sameiginlegu nefndinni hefur verið tilkynnt um ágreining samningsaðilanna nema sameiginlega nefndin ákveði annað og þar til hún gerir það.

11. gr.

Upplýsingaskipti og samstarf.

1. Til að tryggja rétta og samræmda beitingu og túlkun þessa samnings skulu samningsaðilar, yfirvöld þeirra og tilkynntir aðilar:

3. If a Party decides to withdraw a notified body under its jurisdiction, it shall inform the other Parties in writing. The body will cease to assess conformity in relation to the requirements specified in the annexes from the date of its withdrawal at the latest. Nevertheless, conformity assessment carried out before that date shall remain valid, unless otherwise decided by the Joint Committee.

Article 10

Verification of notified bodies

1. Each Party may request the other Parties to verify the technical competence and compliance of a notified body under its jurisdiction. Such request will be justified in order to allow the Party responsible for the notification to carry out the requested verification and report speedily to the other Parties. The Parties may also jointly examine the body, with the participation of the relevant authorities. To this end, the Parties shall ensure the full co-operation of bodies under their jurisdiction. The Parties shall take all appropriate steps, and use whatever available means may be necessary, with a view to resolving any problems which are detected.

2. If the problems cannot be resolved to the satisfaction of the Parties, they may notify the chair of the Joint Committee of their dissent, giving their reasons. The Joint Committee may decide on appropriate action.

3. Unless and until decided otherwise by the Joint Committee, the notification of the body and the recognition of its competence to assess conformity in relation to the requirements of EEA legislation or Latvian national law specified in the annexes shall be suspended in part or totally from the date on which the disagreement of the Parties has been notified to the Chair of the Joint Committee.

Article 11

Exchange of information and co-operation

1. In order to ensure a correct and uniform application and interpretation of this Agreement, the Parties, their authorities and their notified bodies shall:

a) skiptast á öllum viðkomandi upplýsingum um framkvæmd laga og venja, þ.m.t. og einkum varðandi málsmeðferð sem á að tryggja að tilkynntir aðilar fari að settum reglum;
b) taka þátt, eftir því sem við á, í viðkomandi kerfum fyrir upplýsingar, samræmingu og aðra skylda starfsemi samningsaðilanna;
c) hvetja aðila sína til samstarfs með það fyrir augum að koma á fyrirkomulagi gagnkvæmrar viðurkenningar þar sem það er valfrjálst.

a) Exchange all relevant information concerning implementation of law and practice including, in particular, on procedure to ensure compliance of notified bodies.

b) Take part, as appropriate, in the relevant mechanisms of information, co-ordination and other related activities of the Parties.
c) Encourage their bodies to co-operate with a view to establishing mutual recognition arrangements in the voluntary sphere.

12. gr.
Þagnarskylda.

Fulltrúum, sérfræðingum og öðrum, sem koma fram fyrir hönd samningsaðilanna, ber skylda til, jafnvel eftir að þeir hætta störfum, að halda leyndum upplýsingum sem þeir hafa fengið í tengslum við þennan samning, sem eru af því tagi að þagnarskylda gildir um þær. Óheimilt er að nota þessar upplýsingar í öðrum tilgangi en þeim sem gert er ráð fyrir í þessum samningi.

Article 12
Confidentiality

Representatives, experts and other agents of the Parties shall be required, even after their duties have ceased, not to disclose information acquired under this Agreement, which is of the kind covered by the obligation of professional secrecy. This information may not be used for purposes other than those envisaged by this Agreement.

13. gr.
Sameiginleg nefnd.

1. Hér með er komið á fót sameiginlegri nefnd fulltrúa samningsaðilanna. Hún skal bera ábyrgð á skilvirkri framkvæmd samningsins og koma saman hvenær sem einhver samningsaðilanna telur það nauðsynlegt.

2. Sameiginlega nefndin tekur ákvarðanir og samþykkir tilmæli sín einróma.
3. Sameiginlega nefndin setur sér starfsreglur sem skulu m.a. innihalda ákvæði um fundarboðun, skipun fundarstjóra og skipunartíma hans. Hún getur ákveðið að beina sérstökum verkefnum til undirnefnda.

4. Sameiginlega nefndin getur tekið til umfjöllunar öll málefni sem tengjast rekstri þessa samnings. Einkum skal hún hafa vald til að taka ákvarðanir um eftirfarandi:
   a) að breyta viðaukunum;
   b) að bæta við nýjum viðaukum;
   c) að skipa sameiginlegan hóp eða hópa sérfræðinga til að sannprófa tæknilega getu tilkynnts aðila og hvort hann uppfylli kröfur;
   d) að skiptast á upplýsingum um breytingar eða fyrirhugaðar breytingar á EES-lög-

Article 13
Joint Committee

1. A Joint Committee consisting of the representatives of the Parties is hereby established. It shall be responsible for the effective functioning of the Agreement and shall meet whenever deemed necessary by one of the Parties.
2. The Joint Committee shall take its decisions and adopt its recommendations by consensus.
3. The Joint Committee shall determine its own rules of procedure, which shall contain, inter alia, provisions on the convening of meetings, the appointment of the Chair and the Chair's term of office. It may decide to delegate specific tasks to sub-committees.
4. The Joint Committee may consider any matter related to the operation of this Agreement. In particular, it shall have the power to take decisions regarding:
   a) amending the Annexes;
   b) adding new Annexes;
   c) appointing a joint team or teams of experts to verify the technical competence of a notified body and its compliance with the requirements;
   d) exchanging information on proposed and actual modifications of the EEA legisla-

gjöf og landslögum sem um getur í viðaukunum;
e) að fjalla um nýjar aðferðir eða viðbótaraðferðir við samræmismat sem hafa áhrif á sérsvið sem fjallað er um í viðauka;
f) að leysa úr álitamálum varðandi beitingu þessa samnings.

5. Sameiginlega nefndin, sem komið er á fót samkvæmt þessum samningi, er óháð og aðskilin frá sameiginlegu nefndinni sem hefur verið komið á fót samkvæmt fríverslunarsamningnum á milli EFTA-ríkjanna og lýðveldisins Lettlands.
6. Sameiginlega nefndin getur komið á fót sameiginlegum sérsviðshópum vegna viðauka um einstök sérsvið sem í eru viðeigandi tilnefningar- og eftirlitsyfirvöld og sérfræðingar samningsaðilanna. Þessir hópar munu fjalla um sérstök mál er varða samræmismat, samþykki iðnaðarvara og reglusetningu í tengslum við tiltekið sérsvið. Hlutverk sameiginlegu sérsviðshópanna getur falist í eftirfarandi:
   a) að kanna, að beiðni einhvers samningsaðila, sérstök vandamál sem koma upp við framkvæmd bráðabirgðaáætlana um gagnkvæma viðurkenningu og að veita sameiginlegu nefndinni ráðgefandi álit um málefni sem varða alla aðila;
   b) að veita upplýsingar, að beiðni samningsaðila, um málefni sem tengjast framkvæmd og um reglur, málsmeðferð og samræmismatskerfi er varða tiltekna viðauka;
   c) að endurskoða hinar ýmsu hliðar framkvæmdar og beitingar hvers viðauka um einstök sérsvið;
   d) að athuga málefni er varða túlkun krafna í viðaukunum um einstök sérsvið og, ef við á, beina tilmælum til sameiginlegu nefndarinnar.

14. gr.
Lausn deilumála.

Hver samningsaðili getur vísað deilu um túlkun og beitingu þessa samnings til sameiginlegu nefndarinnar. Sameiginlega nefndin skal leitast við að leysa deiluna og henni skulu veittar allar þær upplýsingar sem geta auðveldað nákvæma rannsókn á stöðu mála með það fyrir augum að finna viðunandi lausn. Með það að markmiði skal sameiginlega nefndin athuga allar

tion and Latvian national law referred to in the Annexes;
e) considering new or additional conformity assessment procedures affecting a sector covered by an Annex;
f) resolving any questions relating to the application of this Agreement.

5. The Joint Committee established under this Agreement is independent of and separate from the Joint Committee that has been established under the Free Trade Agreement between the EFTA States and the Republic of Latvia.
6. The Joint Committee may establish Joint Sectoral Groups for individual Sectoral Annexes comprising the appropriate designating and regulatory authorities and experts of the Parties. These groups will address the specific conformity assessment, acceptance of industrial products and regulatory issues related to a given sector. The responsibility of the Joint Sectoral Groups may include the following:
   a) at the request of a Party, to examine specific problems arising in the implementation of any transitional plans for mutual recognition and to give advisory opinions to the Joint Committee on issues of mutual concern;
   b) furnish information and advice on any matters relating to implementation, and on the regulations, procedures and conformity assessment system related to a particular Annex, as may be requested by a Party;
   c) review various aspects of the implementation and operation of each Sectoral Annex;
   d) consider issues of interpretation of requirements in the Sectoral Annexes, and where appropriate to make recommendations to the Joint Committee.

Article 14
Dispute settlement

Any Party may refer any dispute relating to the interpretation or application of this Agreement to the Joint Committee. The Joint Committee shall endeavour to settle the dispute, and must be supplied with any information, which may facilitate a thorough examination of the situation with a view to finding an acceptable solution. For that purpose, the Joint Committee shall consider

leiðir til að viðhalda snurðulausri framkvæmd þessa samnings.

15. gr.
Samningar við önnur lönd.

Samningsaðilarnir koma sér saman um að geri einhver af samningsaðilunum samninga um samræmismat við land, sem er ekki aðili að þessum samningi, leggi það ekki hinum samningsaðilunum þær skyldur á herðar að samþykkja niðurstöður samræmismats, sem fer fram í því þriðja landi, nema um það sé ótvírætt samkomulag samningsaðilanna í sameiginlegu nefndinni.

16. gr.
Vörsluaðili.

1. Ríkisstjórn Noregs, sem gegnir hlutverki vörsluaðila, skal tilkynna öllum ríkjum, sem hafa undirritað samning þennan, um að hún hafi fengið skjöl um fullgildingu eða staðfestingu til vörslu og skal einnig tilkynna um gildistöku samnings þessa. Vörsluaðilinn skal einnig láta ríkin vita um allar tilkynningar um uppsögn eða breytingar á samningnum og hvenær hann rennur út.
2. Samningur þessi er háður fullgildingu eða staðfestingu. Skjöl um fullgildingu eða staðfestingu skulu afhent vörsluaðila til varðveislu.

17. gr.
Gildistaka, breytingar og gildistími.

1. Samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar frá því að allir undirritunaraðilar hafa afhent vörsluaðila skjöl um fullgildingu eða staðfestingu.
2. Ef samningsaðili óskar eftir því að fá samningi þessum breytt skal hann greina sameiginlegu nefndinni frá því, sbr. þó a- og b-liði 4. mgr. 13. gr. Heimilt er að ákveða breytingar með skriflegri málsmeðferð ef samningsaðilarnir koma sér saman um það. Breytingarnar skulu taka gildi 30 dögum eftir að vörsluaðilinn hefur móttekið tilkynningu frá öllum samningsaðilum um að tilskilin, innlend málsmeðferð hafi farið fram.
3. Hver aðili að samningi þessum getur sagt honum upp með sex mánaða fyrirvara með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila. Ef eitt eða fleiri EFTA-ríki innan EES segja upp samningi þessum helst samningurinn áfram í gildi milli hinna EFTA-ríkjanna innan EES annars vegar og Lettlands hins vegar.

every possible means of maintaining the smooth functioning of this Agreement.

Article 15
Agreements with other countries

The Parties agree that agreements on conformity assessment concluded by any Party with a country which is not a party to this Agreement shall not entail an obligation upon the other Parties to accept the results of conformity assessment procedures carried out in that third country, unless there is an explicit agreement between the Parties in the Joint Committee.

Article 16
Depositary

1. The Government of Norway, acting as Depositary, shall notify all States that have signed this Agreement of the depositing of instruments of ratification or acceptance, as well as the entry into force of this Agreement. The Depositary shall also notify the States of any notifications of termination, amendments and of the expiry of the Agreement.
2. This Agreement is subject to ratification or acceptance. The instruments of ratification or acceptance shall be deposited with the Depositary.

Article 17
Entry into force, amendments and duration

1. This Agreement shall enter into force on the first day of the second month following the depositing of instruments of ratification or acceptance by all signatory States.
